



Leiðbeiningar fyrir flokkunarleik - Flokkunarleikar!

Markmið

Að hjálpa starfsfólki að læra á skemmtilegan og hagnýtan hátt hvernig á að flokka úrgang rétt á starfsstað.

Það sem þarf

- Flokkunartunnur eða litaðir pokar ef engar tunnur eru til.
 - Pappi, plast, lífrænt, málmar, gler, blandaður úrgangur, og hægt að hafa flokk fyrir „annað“ (ljósaperur, rafhlöður, fl.)
- Ýmsar tegundir af rusli, t.d. pappír, plast, lífrænt, málmumbúðir og rafhlöður.
- Vinningsverðlaun (valkvætt: T.d. kaffikort, súkkulaði, gjafakort, o.fl.)

Hlutverk leikstjórnenda

1-2 stýra leiknum og passa að tunnur séu merktar skýrt, hafa tilbúið safn af rusli og skapa jákvætt andrúmsloft.

Framkvæmd leiksins

1. Leikstjórnandi biður einn í einu að flokka rétt eða hægt að gera í litlum hópum, skipta fólki í lið með 2-4.
2. Leikstjórnandi gefur viðkomandi rusl til að flokka í rétta tunnu. Einnig hægt að vera búin að skammta nokkur stk. af umbúðum á hvert borð fyrir hvert lið.
3. Starfsfólk setur ruslið í þá tunnu sem það telur rétta.
4. Ef starfsmaður setur hlut í rétta tunnu er hrósað og útskýrt hvað var rétt.
5. Ef starfsmaður setur í ranga tunnu er misskilningurinn leiðréttur á uppbyggilegan hátt, sem allir geta dregið lærdóm af.
6. Stuttlega er útskýrt hvernig og hvers vegna hlutir eru flokkaðir rétt.

Auka áskorun

- Bætið inn tímaþrýstingi, t.d. 20 sekúndna klukku.
- Gerið liðakeppni og sjáið hvaða hópur nær flestum réttum.
- Bæta við stigakerfi fyrir rétta flokkun.
- Gefið vinning fyrir fæst mistök ef unnið er með hraða.

Lengd

Leikurinn getur tekið 5–20 mínútur eftir fjölda þátttakenda og útfærslu.

Algengar spurningar:

Á að skola umbúðir?

Það er mælt með því að skola umbúðir fyrir hreinlæti. Það er óþarfi að þrifa umbúðir með sápu eða öðrum hreinsiefnum.



Hvar á ég að finna umbúðir fyrir leikinn?

Það þarf ekki að finna til mikið af umbúðum / rusli. Hægt er að taka rusl af heiman eða það sem safnast inn á kaffistofum. Því fjölbreyttari umbúðir því skemmtilegri leikur með áskorunum. Mælt er með að hluti ruslsins sé samsettar umbúðir.

Hugmyndir að úrgangi til að flokka

Hægt er að fletta upp réttum úrgangsflokk á [vefsíðu Sorpu](#).

Skýr umbúðir: Oft samansett úr bæði pappa og plasti.

Súkkulaði umbúðir: Oft samansett úr málm og pappír.

Ávextir/brauð í poka: Þarf að flokka annarsvegar í lífrænt og plast/pappír

Eldhúspappír: Flokkað í blandaðan úrgang.

Hefti: Flokkað í málm.

Tepokar: Geta verið settir í lífrænt ef það er öruggt að tepokinn er úr niðurbrotanlegu efni, en sumir tepokar eru úr plasti og þá myndi tepokinn með laufunum flokkast í blandað (vegna blöndu af lífrænu sem ætti ekki að fara í plast)

Tyggjó: Blandaður úrgangur

Pennar: Blandaður úrgangur, eða taka í sundur s.s. málm hluti í málm, blek í blandað og annað í plast.

Lyfjaspjald: T.d. af Panodil, Strepsils. Lyfjaumbúðir eru flokkaðar sér og skilað í apótek.

Rafhlöður: Rafhlöður eru spilliefni. Veip flokkast sem smárafræki í Sorpu.

Kaffikorkur: Lífrænn flokkur

Nespresso hylki: Ef þau eru bara úr málm þá flokkast þau í málm, annars eru söluaðilar oft að bjóða þá þjónustu að þeir sækja hylki sem búið er að safna saman og sjá sjálfir um flokkun og förgun.

Glerkrukkur: Krukkurnar fara í glertunnuna en það þarf að muna að setja málmlokið í málmunnuna.

Pringles: Samsettar umbúðir. Botn er málmur, hólkurinn er pappi og lok er úr plasti.

Hakk umbúðir: Samsettar umbúðir. Pappírsspjald með plast filmu fer annars vegar í pappír og plast filma í plast.

Nikótínþúðar: Blandaður úrgangur.

Tré tannstöngull: Lífrænt. Ef tannstöngullinn er ónotaður í pappírsumbúðum þá flokkast þær sér.

Eyrnapinni: Blandaður úrgangur.

Pizzakassi: Pappír



Reykjavík

